

margt smátt ...

3. tbl. 2015





Fólkið er að deyja við bæjardyrnar –við verðum að bregðast við núna!

Í Evrópu státum við okkur af því að vera í fararbroddi þegar kemur að lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Nú reynir á að orðum fylgi athafnir. Leiðtogar norrænna hjálparstofnana sem starfa á grunni kristinna gilda telja brýnt að evrópskt samfélag bregðist tafarlaust við neyð flóttafólks frá Sýrlandi, hvort sem það er í Evrópu, í nágrannalöndum Sýrlands eða í landinu sjálfu þar sem fólk hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín vegna stríðsátaka.

Evrópubúar eru í aðstöðu til að rétta hjálparhönd og stjórnvöld mega ekki bregðast þeirri skyldu sinni að virða rétt fólks til mannsæmandi lífs. Við verðum að koma sýrlensku flóttafólki til hjálpar. Fólk sem hefur flúið heimaland sitt vegna stríðsátaka verður að njóta þeirrar aðstoðar sem því ber samkvæmt alþjóðalögum um mannréttindi og réttindi flóttafólks.

Stöðugt þyngri straumur flóttafólks til Evrópu er afleiðing fátæktar og stríðsátaka. Evrópubúar verða að taka höndum saman og veita aðstoð. Að reisa girðingar og loka fólk úti er

engin lausn. Vandinn verður hins vegar ekki leystur nema með því að ráðast að rótum hans. Norrænar kirkjutengdar hjálparstofnanir eru staðráðnar í að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld svo þau efli virðingu fyrir mannréttindum. Við höldum áfram neyðaraðstoð og þróunarsamvinnu og leggjum áherslu á að aðstæður skapist þannig að fólk sé ekki nauðbeygt til að yfirgefa heimkynni sín.

Í þessu tölublaði fjllum við meðal annars um aðstoð Alþjóða-hjálparstarfs kirkna við flóttafólk í Sýrlandi og nágrannalöndum og í Evrópu. Við fjllum líka um mögulega aðstoð sókna þjóðkirkjunnar á Íslandi við flóttafólk frá Sýrlandi sem er væntanlegt til landsins nú í desember. Við skulum vanda okkur og taka vel á móti stríðshrjáðu fólk sem þarf á aðstoð okkar að halda.

**Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs kirkjunnar**



margt smátt ... gerir eitt stórt

3. tbl. 27. árg. október 2015.

Fréttablaðið Margt smátt ... sem kemur út 2-4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara blaðsins.

**Láttu okkur vita
viljir þú fría áskrift.**

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00–16:00.


Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, ábm.

Netfang: kristin@help.is

Forsíðumynd: ACT/Paul Jeffrey

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar, ACT/Paul Jeffrey

Prentvinnsla: Litróf-umhverfisvæn prentsmiðja. 

Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum www.help.is og www.framlag.is. Gjafabréfasíða: www.gjofsemgefur.is.

Reikningar sem leggjja má inn á:

0334-26-886 fyrir neyðaraðstoð við flóttafólk frá Sýrlandi kt. 450670-0499.

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.



STYÐJUM FLÓTTAFÓLK!

Styrktartónleikar í Víðistaðakirkju

Sunnudaginn 25. október kl. 20:00

Diddú 🇮🇸 Bubbi Morthens 🇮🇸 Guðrún Gunnarsdóttir 🇮🇸 Ragnar Bjarnason
Þorgeir Ástvaldsson 🇮🇸 Bjarni Arason 🇮🇸 Ragnheiður Gröndal 🇮🇸 Regína Ósk & Svenni Þór
Alma Rut 🇮🇸 Eysteinn Eysteinnsson 🇮🇸 Hafsteinn Valgarðsson 🇮🇸 Alda Dís
Hjörtur Howser 🇮🇸 Tindatrío 🇮🇸 Arnhildur Valgarðsdóttir
Kór Víðistaðasóknar 🇮🇸 Helga Þórdís Guðmundsdóttir

Miðasala á midi.is 🇮🇸 Miðaverð kr. 2.900 🇮🇸 Upplýsingar í Víðistaðakirkju, sími 565 2050

Allur ágóði tónleikanna rennur til Hjálparstarfs kirkjunnar og fer í neyðaraðstoð við flóttafólk frá Sírylandi.

3

margt smátt ... þakkar stuðninginn

REYKJAVÍK

101 Hótel ehf
A. Margeirsson ehf
A1 málu ehf
Adamsson arkitektastofa
Aðalvík ehf
Alex-Endurskoðun ehf
Analytica ehf
Arctica Finance hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Augað gleraugnaverslun
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Árbæjarapótek ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
B.Á. Múrverk ehf
Bakkus ehf
Barnalæknaþjónustan ehf

Barnatannlæknastofan ehf
BBA/Legal ehf
Ber ehf, vínheildsala
Bergsson Mathús
Betri bílar ehf.
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Bílalíf, bílasala
Bílamálu Sigurveys
Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Bílaviðgerðir Snurfus
Bíóhljóð ehf
BK fasteignir ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðja Reykjavíkur
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Borgarþýsur
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf

Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brauðhúsið ehf
Brúskur hársnyrtistofa
CÁJ veitingar ehf
City Car Rental
Comfort Snyrtistofa ehf
Couture, fataverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Danssmiðjan ehf-Dans & Jóga
Efling stéttarfélag
Efnamóttakan hf
EG Skrifstofuhúsgögn ehf
Eggert Kristjánsson hf
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Elmir-teppaþjónusta ehf
Endurskoðun og reikningshald ehf
Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka
Ernst & Young ehf

Fasteignamiðlun Grafarvogs
Fasteignasalan Miklaborg
Fást ehf
Felgur smiðja ehf
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Finnbogi Helgason, tannsmiður
Fjallabak ehf
Fjárhald ehf
Fliðjavík ehf
Fossberg ehf
Freska Seafood ehf
Frumherji hf
Fröken Júlía ehf
Fylgifsakar ehf
Gamla smiðjan
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
Gámaþjónustan hf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf

Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Genís hf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Glerpró ehf
Goðhóll ehf
Góð heilsa - heilsubúð
Grafan ehf
Grettir Guesthouse ehf
Gróðrarstöðin Mörk
GTG endurskoðun ehf
Guðjón Guðmundsson ehf
Guðmundur Arason ehf, smiðjarn
Guðmundur Jónsson ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmivinnustofan SP dekk ehf
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Hagi ehf-Hilti

Halldór Jónsson ehf
Hamborgarabúlla Tómasar
Handþrjónasamband Íslands
Hans Petersen ehf
Hármiðstöðin
Háskóli Íslands
Henson sports
Herrafataverslun Birgis ehf
Hespa ehf
HGK ehf
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá Hrafnhildi
Hjá Ingvarsson ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is-Hljóðvinnslan
Hljóðfærahúsið ehf
Hlíðlabátar
HM Bókhald ehf
Holt og gott ehf



Börn sem hafa flúið frá Sýrlandi hafast við í tjöldum í þorpinu Jeb Jennine í Líbanon og njóta þar margvíslegrar aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar. Helmingur þeirra 12 milljóna Sýrlendinga sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna yfirstandandi átaka eru börn.

Heit máltíð, húsaskjól, heilsugæsla og skólastarf fyrir flóttafólk frá Sýrlandi

Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í neyðaraðstoð við stríðs-
hrjáða í Sýrlandi og flóttafólk frá Sýrlandi í Jórdaníu og Líbanon
í samvinnu við systursamtök okkar, International Orthodox
Christian Charities (IOCC), sem hafa veitt um þremur milljónum
Sýrlendinga í neyð margvíslega aðstoð síðan árið 2012.

Til að mæta brýnum grunnþörfum eru flóttafólkinu tryggð
matarföng, húsaskjól og aðgangur að heilsugæslu. Skólastarfi
er haldið úti fyrir börn og börnum og unglungum veittur
sálrænn stuðningur en með honum er ungu flóttafólki frá
Sýrlandi sem dvelur í flóttamannabúðum og ungu fólki frá
móttökubjóðum hjálpað við að takast á við erfiðar aðstæður.
Flóttafólkið fær einnig tækifæri til að vinna fyrir sér með því að
taka þátt í margvíslegum verkefnum, svo sem byggingavinnu,
eldamennsku, saumaskap og skúringavinnu.

Árið 2014 sendi Hjálparstarf kirkjunnar alls 16,6 milljónir
króna til neyðaraðstoðar við flóttafólk frá Sýrlandi. Nú söfnum
við aftur fyrir stuðningi við Sýrlendinga í neyð en öll aðstoð
er veitt án tillits til þjóðernis, litarháttar, kynferðis eða trúar
og lífsskoðana þeirra sem hana þurfa. Fjölmargar sóknir
þjóðkirkjunnar og einstaklingar hafa undanfarinn mánuð sent
fjárframlag sem Hjálparstarfið sendir áfram til verkefna IOCC á
vettvangi.

**Viltu taka þátt
í aðstoð við flóttafólk frá Sýrlandi?
Söfnunarreikningur:
0334-26-886, kt: 450670-0499.**

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Höfperðabílar Snælands
Grímssonar ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hús verslunarinnar sf
Hústjómarskóli Reykjavíkur
Hverafold bakarí
Hvíta húsið hf, auglýsingast.
Höfðahöllin bílasala
Höfði fasteignasala
IBH ehf
Innform ehf
InnX innréttingar ehf
Intellecta ehf
iStore í Kringlunni
Íbúðagisting.is
Ísfrost ehf
Íslensk erfðagreining
Íslenska umboðssalan hf
Íslenska útlutningsmiðst. hf

Íslenskir endurskoðendur
Íslenskir fjárfestar hf
Ísöld ehf
Íspólar ehf
Íþróttasamband fatlaðra
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
Jeremías-www.garnbudin.is
JP Lögmenn ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Pétursson ehf
Kaffibarinn ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kirkjugarðar
Reykjavíkurborgarstjórn
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjörgarður
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klipphúsið ehf
Kolibri ehf
KOM almannatengsl

Kopar & Zink ehf
Kortabjónustan hf
Kóráll sf
KPMG ehf
Kvika ehf
Kvik þjónustan ehf
Lambakjot.is
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásabjónustan ehf
Láshúsið ehf
Litróf ehf
Ljúfmetisverslunin Búrið
Lofstokkahreinsun.is
Lögfræðibjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl
Lögmansst. Jóns G Briem hrl
Lögmenn Bankastræti
Lögreglufélag Reykjavíkur
Löngstofan
Löndun ehf
Mannvit ehf

Margt smátt ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
MD vélar ehf-www.mdvelar.is
Meba-Rhodium
Merkismenn ehf
MS Armann skipamiðlun ehf
Myndhraði ehf
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskið ehf
Oddgeir Gylfason, tannlæknir
og læknir
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ottó B. Arnar ehf
ÓK Lögmenn sf
Ósal ehf
P&S Vatnsvirkjar ehf
Parlogis hf-Lyfjadreifing ehf
Páll V Einarsson sf
PG Þjónustan ehf

Pixel ehf
Poulsen ehf
Pósturinn
PROevents ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafelding ehf
Raffa ehf
Rafstilling ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rammastúdíó ehf
Ráðgjafabjónustan Bjarg ehf
Regla.is bókhaldskerfi
Reiknivir ehf
Reki ehf
REMAX Ísland
Reykjagarður hf
Reykjavík Residence Hotel
Reykjavík letterpress ehf
Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborgarstjórn
Réttur - ráðgjöf & málfutningur
satis.is
S.B.S. innréttingar
SALON VEH
Samiðn, samband iðnfélaga
Samskipti ehf
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja-SSF
Securitas hf
Sérefni ehf, málningarvöruslun
Sigurgeir Sigurjónsson ehf
Sigurraf ehf
Sindri RE 46
Sinus ehf
Sjávargrillid ehf
Sjónarlind, bókabúð
Sjónlag
Sjónlag hf
Skipakostur sf
Skorri ehf

Hjálparstarf kirkjunnar í Grikklandi, Ungverjalandi og Serbíu veita flóttafólki frá Sýrlandi, Afganistan, Eritreu, Írak og Sómalíu neyðaraðstoð og sálrænan stuðning. Örmagna flóttafólkinu eru veitt matarföng, húsaskjól, eldhúsahöld, aðgangur að hreinlætisaðstöðu og hreinlætisvörur auk þess sem leitast er við að veita því sálrænan stuðning, fræðslu og ráðgjöf.

Talið er að fleiri en 200.000 manns hafi látið lífið í borgarastyrjöldinni sem hófst í Sýrlandi árið 2011. Af þeim tuttugu milljónum sem bjuggu í landinu áður en átökin hófust eru nú um tólf milljónir á flóttu. Átta milljónir eru á veggangi í heimalandinu, fjórar milljónir hafa flúið land, langflestir til nágrennalanda. Um 428.000 þúsund hafa hafa sótt um hæli í Evrópu eða um 3,5% Sýrlendinga á flóttu.

Árið 2015 tekur Hjálparstarf kirkjunnar þátt í að aðstoða 58.301 Sýrlending í neyð

Í Sýrlandi er markmið að aðstoða alls 32,500 Sýrlendinga á veggangi

- matarföng fyrir 30.000 manns
- húsaskjól fyrir 1.250 manns
- skólastarf fyrir 1.000 börn og unglunga
- launað starf fyrir 300 manns

Í Jórdaníu er markmið að aðstoða alls 18,500 flóttamenn

- matarföng, eldhúsahöld og grunnhúsbúnað fyrir 10.000
- húsaskjól fyrir 500 manns
- heilsugæslu fyrir 3.000 manns
- skólastarf fyrir 5.000 börn og unglunga

Í Líbanon er markmið að aðstoða alls 7,301 flóttamann

- heit máltíð fyrir 1.001 manneskju
- eldhúsahöld og grunnhúsbúnað fyrir 5.000 manns
- húsaskjól fyrir 1.100 manns
- heilsugæslu fyrir 200 manns

Í Líbanon er nú um 1,5 milljón flóttamanna frá Sýrlandi. Þrátt fyrir það hafa stjórnvöld í landinu ekki leyft hjálparsamtökum að reisa flóttamannabúðir. Flóttafólk hópast því saman í fátækrahverfum við landamærin. IOCC, systursamtök Hjálparstarfsins á vettvangi, veita fólki þar margvíslega aðstoð, meðal annars sjá þau fólkinu fyrir heitri og næringarríkri máltíð einu sinni á dag.



Flóttakonur frá Sýrlandi og konurnar úr þorpínu hjálpast að við að matreiða fyrir börn, barnshafandi konur, fatlaða og aðra sem ekki hafa eldunaraðstöðu. Máltíðin inniheldur 17% fitu og 12% prótein og næga orku fyrir daginn.



Starfsfólk IOCC keyra heita máltíðina frá eldhúsinu og til fólksins sem býr í tjaldbyggð flóttafólks í fátækrahverfi í þorpínu Minyara.



Zahra Al Hussein frá borginni Homs í Sýrlandi gefur börnum sínum holla og góða máltíð í tjaldi sínu í Minyara.



Veislubrauð



Dyr okkar standi flóttafólki opnar!

„Við viljum að dyr okkar standi opnar fyrir flóttafólki, hverrar trúar sem það er,“ sagði Ingibjörg Pálmadóttir, formaður stjórnar Hjálparstarfsins á aðalfundi í september. „Góð aðstoð felst oft í því einfalda og hversdagslega. Við megum ekki gleyma því að nálgast fólkið, kynna því starfið innan kirkjunnar og finna leiðir til að auðvelda því þátttöku í starfinu og í samfélaginu öllu. Það er líka mikilvægt að vinna með börnunum og unglíngum og nálgast fólkið með hagsmuni þeirra í huga. Barna- og æskulýðsstarf er líka lykill að öðrum samskiptum,“ sagði Ingibjörg.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar telur jákvætt hugarfar í garð flóttafólks skipta gríðarlegu máli. Á aðalfundi Hjálparstarfsins laugardaginn 26. september síðastliðinn unnu 22 fulltrúar að tillögum til sókna þjóðkirkjunnar um stuðning við flóttafólk frá Sýrlandi en forsætisráðherra gerir ráð fyrir að Íslendingar taki á móti 100 flóttamönnum á þessu ári. Vinna við móttöku flóttafólks er hafin í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og búist er við fyrsta hópnunum úr flóttamannabúðum í Líbanon í desember. Um 30 sveitarfélög hafa boðist til að taka á móti flóttafólki 2015 - 2016.

Niðurstöður fundarins voru að til þess að taka vel á móti flóttafólki frá Sýrlandi þyrftum við sem búum á Íslandi að kynna okkur bakgrunn fólksins og fræðast um sögu, menningu og lífnaðarhætti þess. Að við yrðum að undirbúa okkur sjálf til þess að geta sem best komið til móts við fólkið á þeirra forsendum.

Helstu tillögur fulltrúa til sókna þjóðkirkjunnar um stuðning við flóttafólk eru að:

- Opna dyr kirkjunnar fyrir flóttafólki óháð trú þeirra
- Bjóða aðstöðu fyrir fræðslufundi, spilakvöld og annað tólmundastarf
- Bjóða börn velkomin í barnastarf og unglínga í æskulýðsstarf
- Bjóða fullorðna velkomna í félagsstarf á vegum kirkjunnar svo sem á mömmumorgna

- Búa til bæklinga á tungumáli flóttafólks til að kynna starf kirkjunnar og um tülkaþjónustu þar sem hún er til staðar
- Bjóða flóttafólkinu að kynna menningu sína, sérstaklega fyrir unglíngum
- Mynda liðveisluhóp sem er til staðar í kirkjunni þegar á þarf að halda
- Mynda tengsl við flóttafólk og viðhalda þeim til lengri tíma
- Bjóða flóttafólki heim í mat
- Fara út í búð með flóttafólkinu
- Leita að arabískumælandi fólki sem gæti aðstoðað við að mynda tengsl
- Bjóða fram aðstoð við íslenskunám, bjóða upp á æfingar sem leiða til tengslamyndunar
- Bjóða fram aðstoð við enskunám
- Eldra fólk bjóði aðstoð með talmál
- Nálgast hverfissamtök og bjóða þeim að koma inn í kirkjuna með þjónustu við flóttafólk, meðal annars til að kynna hverfið og þjónustu sem það býður upp á
- Virkja samstarfssvæði kirkjunnar og hjálpa til í nágrennasveitarfélagi sem tekur á móti flóttafólki
- Efla tengsl milli safnaða og Hjálparstarfs kirkjunnar til að sinna aðstoð við flóttafólk sem best
- Efla tengsl við sveitarfélög og Rauða krossinn til að hafa yfirsýn yfir veitta aðstoð
- Biðja fyrir flóttafólki

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Skóarinn í Kringlunni ehf
Slippfélagið ehf
Smurstöðin Klöpp ehf
Sólbaðsstofan Smart ehf
Sportlif-www.sportlif.is
Stansverk ehf
Stjórnuveggh hf
Stoð pallaleiga ehf
Styrja ehf
Suzuki bílar hf
Sveinsbakari
SVP-Samtök verslunar og þjónustu
Sægreifinn
Söngskólinn í Reykjavík
Talnakonunn hf
Tandur hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa Sigríðar Rósu Víðisdóttur

Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
TCM Innheimta ehf
THG Arkitektar ehf
Timberland Kringlunni & Laugavegi
Tónskóli þjóðkirkjunnar Grensáskirkju
Trackwell hf
Trausti Sigurðsson tannlæknir
Trésmiðja Magnúsar F Jónssonar
Trévirki ehf
Trip ehf
Tölvar ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Ullarkistan ehf
Umslag ehf
undirfot.is
Utanríkisráðuneytið
Úra- og klukkuværslun Gilberts Ó Guðjónssonar

VA arkitektar ehf
Vagnsmiðjan ehf
Varahlutaverslunin Kistufell ehf
Varma & Vélaverk ehf
VDO verslun ehf
Veidiþjónustan Strengir
Veitingahúsið Caruso
Verksýn ehf
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vita FERIA ehf
Volcano House - Eldfjallahúsið
VSÓ Ráðgjöf ehf
Vörubílastöðin Próttur hf
www.satis.is
www.sportlif.is

www.undirfot.is
Yogastöðin Heilsubót
Z - brautir og gluggatjöld ehf
P.G. verktakar ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Þvottahúsið A. Smith ehf
Ökumennt ehf
Ölstofa Kormáks og Skjaldar Örninn ehf
SELTJARNARNES
Bílaverkstæði Ella
Felixson ehf
Íþróttafélagið Gróttta
Nesskip hf
Veislan veitingaeldhúsið
Vökvataeki ehf
KÓPAVOGUR
ALARK arkitektar ehf
Alhliða pípuágnir sf
Allianz á Íslandi hf

AP varahlutir ehf
Atlantic Tank Storage ehf
Axis-húsgögn ehf
Á. Guðmundsson ehf
Ásborg slf
Bak Höfn ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Bílaleiga Reykjavíkur
Bílamálinun Varmi ehf
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bílaþjónustan Bílaði billin slf
Bílaþvottastöðin Lindin ehf
Blikkás-Funi ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Brunabótafélag Íslands
Byggðþjónustan bókhald og ráðgjöf
Costablanca
Einar Ágústsson & Co ehf

Einar Beinteins ehf -
Dúklagningameistari
Farice ehf
Fix ehf
Frostmark ehf
Go2 Flutningar ehf
goddí.is
Grillbúðin ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Hagblikk ehf
Harðbakur ehf
Hákon Bjarnason ehf
Hegas ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hitatækni ehf
Ingi hóperðir ehf
Ísfix ehf
Íshúsið ehf
Íslandsspil sf
Íslyft-Steinbock þjónustan
Knastrás ehf

Ábyrgð Íslands á vanda flóttafólks

Árið 2009 stóðu Breytendur, ungliðahreyfing Hjalparstarfsins, fyrir vitundarvakningu undir yfirskriftinni “Flóttamenn undan hlýnun jarðar“. Bentum við á að ef ekkert yrði að gert væri óumflýjanlegt að milljónir jarðarbúa myndu missa heimkynni sín vegna breyttra aðstæðna á allra næstu árum. Bangladesh var tekið sem dæmi í gjörningi þar sem sett var upp „venjulegt heimili“ í barnasundlaug en landið er mjög láglent og með aðeins lítilli hækkun sjávarmáls má búast við að flæði yfir stóran hluta þess. Við bentum á að Ísland deildi ábyrgð á þessum vanda þar sem við höfum, líkt og önnur Vestræn samfélög, blásið meira en okkar skerf gróðurhúsalofttegunda út í loft-
hjúpin sítustu áratugi. Yfir 800 undirskriftir voru afhentar umhverfisráðherra þess efnis að skilgreina þyrfti viðbrögð íslenskra stjórnvalda við þeim sem kynnu að sækja um hæli hér þegar þeir missa lífsviðurværi sitt vegna útblásturs iðnríkanna á gróðurhúsalofttegundum.

Ljóst er að vandinn sem hlýst af hnattrænni hlýnun felst í fleiru en í hækkun sjávarmáls. Í nýlegri grein í National Geographic (mars 2015) er því haldið fram að alvarlegir þurrkar hafi neytt sýrlenska bændur til þess að yfirgefa ræktarlönd sín og flykkjast til borga landsins og hafi það átt sinn þátt í að kveikja ófriðarbál í landinu. Margt bendir því til þess að loftslagsbreytingar eigi sinn þátt í óöldinni sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs þó vissulega spili þar margir þættir saman. Átökin hafa nú leitt til dauða hundruða þúsunda manns og hrakið yfir fjórar milljónir manns á flótta frá heimalandi sínu.

Með snörum viðbrögðum er enn hægt að afstýra verstu afleiðingum hnattrænnar hlýnunnar. Leiðtogar heims verða að ná samkomulagi þar um á loftslagsráðstefnu nú í desember en



Móðir og sonur frá Sýrlandi hjálpast að við matargerð í tjaldbyggingu í fátækrarhverfi Jeb Jenine í Líbanon.

ekki er síður mikilvægt að Ísland axli ábyrgð sína á þeim vanda sem þegar er orðinn. Hluti af því er að taka vel á móti sýrlensku flóttafólki nú.

Þorsteinn Valdimarsson, Í stjórn Breytanda



Veit á vandaða lausn





Sýrlensk fjölskylda á flötta í Jórdaníu fær nauðsynjavörur frá IOCC samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar.

Það eru forréttindi að hjálpa

Aylan Kurdi lá á grúfu á ströndinni í bláum buxum, rauðum bol og skóm. Í fjarlægð virtist hann sofa, en það gerir enginn í flæðarmálinu. Hann hafði druknað á flötta frá stríðinu í Sýrlandi, ásamt móður sinni og bróður og 9 öðrum af bátnum. Aylan var 3ja ára.

Myndin hreyfði við öllum heiminum. Hún hreyfði við okkur hér, sem mörg munum einmitt eftir okkar eigin börnum sofandi

á grúfu, í hnipri, með bossann upp. Aylan var flóttamaður en fyrst og fremst var hann lítill drengur, svikinn um það líf sem börn eiga að hafa.

Þegar við tölum um flóttamenn eða flóttafólk og málefni flóttamanna þá erum við að tala um Aylan og bróður hans og föður og móður og aðrar fjölskyldur - um fólk. Um börn, um unglunga sem urðu að hætta í skóla og sem hafa oft upplifað

8

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Krafla ehf
Kraftvélar ehf
Litalausnir málingarþjónusta
Loft og raftæki ehf
Löggiltir endurskoðendur
Mannrækt og menntun ehf
Margmiðlun ehf
MHG verslun ehf
Nobex ehf
Ólafssynir ehf
Pottagaldrar ehf
Rafbreidd, heimilistækjavíðg.
Rafgeisli ehf
Rafholt ehf
Rafmiðlun hf
Rafspenna ehf
Rakarastofan Herramenn,
Neðstutróð 8
Reynir bakari
Réttingaþjónustan ehf

Sólarfilma ehf
Stáliðjan
Tækniþjónusta Ragnars G
Gunnarssonar ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Vaki fiskeldiskerfi hf
Vatnsvirkinn
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf
Ýmus ehf, heildverslun
Zenus sófar
Þórutindur ehf
Öreind sf
GARÐABÆR
Engilbert ÓH Snorrason
tannlæknastofa sf
Garðabær
Garðasókn
Geislataekni Laser-þjónustan
Hagråd ehf
Hannes Arnórsson ehf

Icewear
K.C. Málun ehf
Kópavogspósturinn ehf
Ljósmyndastofa Garðabæjar
Loftorka ehf
Marás vélar ehf
Mekka-bifreiðav. Garðabæjar
Samey ehf
Úranus ehf
Val-ás ehf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf.
Vörukaup ehf, heildverslun
Vörumerking ehf
Öryggisgirðingar ehf
HAFNARFJÖRÐUR
Alexander Ólafsson ehf
Ás, fasteignasala ehf
Barkasúða Guðmundar ehf
Bergplast ehf

Dverghamrar ehf
EÓ-Tréverk sf
Essei ehf
Ferskfiskur ehf
Flúrlampar ehf
G.S. múrverk ehf
Gafllarar ehf, rafverktakar
Garðasteinn ehf
Gára ehf
H. Jacobsen
Hagstál ehf
Hans-verk ehf
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð
Hvalur hf
Ican-Beykireykt þorsklifur
Ísrör ehf
Lögfræðimiðstöðin ehf
Lögmenn-Hlöðver Kjartanss. hrl

Matbær ehf
MEDOR ehf
Mynstrun ehf
Nonni Gull
Rafgemyasalán ehf
Rafrún ehf
S.Gunnarsson ehf
Snittvélin ehf
Snyrtistofa Rósu ehf
Stokkhyllur ehf
Sæblik ehf
Sæli ehf
Tannlæknastofa Harðar V
Sigmarssonar sf
Teknis ehf
ThorShip
Trefjar ehf
Umbúðamiðlun ehf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Viðir og Alda ehf

Viking björgunarbúnaður
VSB verkfræðistofa ehf
ÁLFTANES
Eldvarnarþjónustan ehf
REYKJANESBÆR
Bed and Breakfast - Keflavík
Airport
Bílar og Hjól ehf
Bílaverkstæði Þóris ehf
Brautarnesti
DMM Lausnir ehf
Georg V. Hannah sf
GMT ehf, Keflavíkurflugvelli
Húsagerðin ehf, trésmiðja
Ice Group Ltd
IGS ehf, Keflavíkurflugvelli
Kostur matvöruverslun
Langbest ehf
Lyfta ehf

ólýsanlegar hörmungar; um foreldra sem misstu lífsviðurværi og heimili og sem óska einskis heitar en að geta átt athvarf, vinnu og gefið börnum sínum framtíð - um frænkur, frændur, afa og ömmur - og um ungu mennina sem oft eru sendir í hættuför yfir haf og land til að reyna að fá hæli einhvers staðar svo að fjölskyldurnar geti síðar komið til þeirra í krafti fjölskyldu-sameiningar.

Við erum að tala um fólkið sem hættir lífi sínu á bátunum og líka fólkið sem er í flóttamannabúðunum eða á hrakhólum innan Sýrlands eða utan. Og víðar.

Flóttamannavandi er stórt orð - gagnvart honum erum við smá og getur fundist við vanmegnug. En lítill barn sem þarfnast hjálpar - það skiljum við öll. Þar erum við öflug.

Það hefur verið svo stórkostlegt að sjá hvernig íslensk þjóð brást við þegar farið var að ræða um að taka við fleiri flóttamönnum. Í kjölfar þessa hafa hundruð skráð sig sem sjálfbodaliða hjá Rauða krossinum til að vera fólki til aðstoðar þegar það kemur. Og það dásamlega er að það þarf ekkert að bíða eftir komu fleira fólks, það eru nú þegar næg verkefni - fyrir utan flóttamenn, sem þegar eru hér, er hér líka fjöldi hælisleitenda.

Pabbi minn var ofursjálfbodaliði og formaður flóttamannráðs RK þegar Íslendingar ákváðu að taka við bátafólki sem var að flýja frá Víetnam. Þetta var 1979. Ég var unglingur og man hvað ég var spennt að leggja mitt afmörkum. Þetta var ekkert skammtaverkefni. Það tekur tíma að byggja upp líf.

Að einhverjum tíma liðnum fór ein fjölskyldan óvænt frá Íslandi, til Kanada, þar sem þau höfðu tengsl. Ég varð ógurlega reið. Hvíllt vanþakklæti. Eins og við höfðum verið góð við þau.

Það tók mig tíma að læra að meint gæska mín gat ekki svipt aðra réttinum til að vera höfundar eigin lífs. Og að hjálp okkar var hvorki grundvölluð á gæsku minni né þakklæti flóttafólksins. Við hjálpum ekki af því að við erum góð eða þau eru góð eða þakklát. Við hjálpum af því að við erum fólk meðal fólks, þjóð meðal þjóða. Við höfum undirritað alþjóðlega sáttmála, meðal annars um flóttafólk. Við höfum verið gefendur og þiggjendur í samfélagi þjóðanna. Það eru forréttindi að vera þess megnugur að hjálpa. Og það er alveg víst að í gegnum það lærum við margt og þiggjum margt.

Ég er prestur og mér fellur þungt þegar samtalið um að taka við fólki í neyð fer að snúast upp í ótta við útlendinginn og trúarbrögð hans. Alveg sérstaklega ef menn skjóta sér á bakvið kristna trú í því skyni. Það gengur ekki upp. "Allt það sem þér gerirð einum þessara minna minnstu bræðra, það gerirð þið mér," sagði Jesús. "Allt það sem þið viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra." Flóttamenn, farandverkamenn og hælisleitendur eru ekki nýtt fyrirbrigði. Í Mósebókunum er 36 sinnum talað um mikilvægi þess að koma vel fram við útlendinginn. Og í Hebreabréfinu stendur: "Gleymið ekki gestrisninni því að vegna hennar hafa sumir hýst engla án þess að vita." Það er engin spurning hver skylda kristins fólks er í þessari stöðu.

Það eru tólf milljón manns á flótta bara vegna stríðsins í Sýrlandi. Flest eru þau enn annað hvort í landinu eða löndunum í kring. Líklega verður meirihlutinn alltaf þar.

Einhver af öllum þessum fjölda sem er á vergangi mun rata hingað og til annarra Evrópulanda. Ekki láta fjöldann varna okkur sýn. Þetta eru einstaklingar. Lítil börn eins og Aylan Kurdi. Unglingar, fullorðin fólk - fólk sem langar að lifa og eiga framtíð. Það eigum við og við erum aflögufær.

Þjóðum þau velkomin,



*Steinunn Arnbrúður Björnsdóttir,
prestur í Hjallasókn í Kópavogi*



Pau grúskuðu, græddu og gerðu gott!

Það var glatt á hjalla á flóamarkaði Hjálparstarfs kirkjunnar við Grensáskirkju laugardaginn 29. ágúst síðastliðinn. Sjálfboðaliðar Hjálparstarfsins stóðu fyrir markaðinum og söfnuðu alls 340 þúsund krónum. Allur ágóði af sölnunni fer í aðstoð við börn og ungingla á Íslandi sem búa við kröpp kjör. Á markaðinum voru til sölu alls kyns gersemar; vintage fatnaður, bækur, húsgögn, húsbúnaður, leikföng, skrautmunir, skótau og margt fleira.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar efnalitlar barnafjölskyldur við kaup á skólavörum og við að greiða útgjöld vegna þróttá- og tómstundastarfs en í upphafi skólaárs getur það reynst fjölskyldum þungur baggi að útbúa börnin fyrir skólann og veturinn almennt.



Helga sjálfboðaliði sýnir handþrjónaðan skirnarkjól sem hún sagði algera gersemi enda seldist hann eins og skot.



Hólmsfríður sjálfboðaliði var ánægð með gott úrval bóka á markaðinum.

Haustið 2014 aðstoðaði Hjálparstarfið foreldra 170

grunnskólabarna með því að láta þeim í té inneignarkort í ritfangaverslanir. Þá fengu 76 ungmenni í 11 sveitarfélögum stuðning við að greiða skóla- og efnisgjöld og til að kaupa bækur. Hjálparstarfið hefur aðstoðað um 200 börn og ungingla vegna kaupa á skólavörum það sem af er hausti 2015.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

M2 Fasteignasala og leigumiðlun
Nettó
Pulsuvagninn í Keflavík
Rafverkstæði I.B. ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf
Sigurjónsbakari
Skartsmiðjan
Skólamatúr ehf
Starfsmannafélag Suðurnesja
Suðurlflug ehf
Toyota Reykjanesbæ
Verkalýs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag
Suðurnesja

GRINDAVÍK
Bókvit ehf

Eldfjallaferðir ehf
Hársnyrtistofan Rossini ehf
HK Verk ehf
Hópsnes ehf
Marver ehf
Ó S fiskverkun ehf
Silfell ehf
TG raf ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vikurhraun ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

SANDGERÐI
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Þensla ehf
GARÐUR
Aukin Ökuréttindi ehf
Gunnar Hámundarson ehf

Sl raflagnir ehf
Sveitarfélagið Garður
MOSFELLSBÆR
Blikksmiðjan Borg ehf
Dalsbú ehf
Efnæiming ehf
Eiríkur Smiður ehf
Fagverk verktakar sf
Garðagróður ehf
GT-bílar ehf
Hús-inn ehf
Ístak hf
Kjósarhreppur
Matflugl ehf
Múr og meira ehf
Nonni litli ehf
Rammsteinn ehf
Rögn ehf

AKRANES
Bifreiðastöð Þórðar Þ.
Þórðarsonar
Bílasala Akraness ehf - Bílás
Fasteignasalan Hákot
Fasteignasalan Valfell
Galito veitingastaður
Gámaþjónusta Vesturlands
Hús og bátar ehf
MVM ehf
Practica, bókhaldsþjónusta
Smurstöð Akraness sf
Straumnes ehf, rafverktakar
Vélaeiga Halldórs Sigurðssonar ehf

BORGARNES
Búvangur ehf
Dýralæknaþjónusta
Vesturlands ehf
Eyja- og Miklaholtshreppur

Hársnyrtistofa Margrétar
J.K. Lagnir ehf
Ræktunarstöðin Syðra-Lágafelli
Samtök sveitarfélaga í
Vesturlandskjördæmi
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið
Borgarness sf
Traktorsverk ehf
Trésmiðja Pálma ehf
Vatnsverk ehf Guðjón & Árni
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vélaverkstæðið Vogalæk

REYKHOLT BORGARFIRÐI
Garðyrkjustöðin Sólbrjgi

STYKKISHÓLMUR
Agustson ehf
Áskliif ehf
Bókhaldsstofan Stykkishólmi
ehf

Félag stjórnenda við
Breiðafjörð
Tindur ehf
P.B. Borg trésmiðja ehf
Þórsnes ehf

GRUNÐARFJÖRÐUR
KB bílaverkstæði ehf
Suða ehf
Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK
Fiskmarkaður Íslands hf
Rafn ehf
Steinprent ehf

HELLISSANDUR
Breiðavík ehf
Rafrýði ehf
Skarðsvík ehf

REYKHÓLAHREPPUR
Þörungaverksmiðjan hf



Fina borðið



Sigurður Þór var að fara að syngja í brúðkaupi og vantaði gott bindi. Hann fann það á markaðinum, auðvitað!



Guðni ánægður með fotanuddstækið frá Gunnhildi.



Hattar af öllum stærðum og gerðum voru til sölu. Jagga og Magga sjálboðaliðar sýna tvo þeirra hér.



Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is





Á starfssvæðum Hjálparstarfsins í Úganda ákveða þorpsbúar í sameiningu hvaða fjölskylda þarf mest á stuðningi að halda. Beatrice sem er HIV-smituð ekkja, börn hennar og tengdamóðir voru svo lánsöm að fá nýtt þak yfir höfuðið frá Hjálparstarfinu í fyrra.

„Fátæktin viðheldur sjálfri sér“

Árið 2010 bjuggu 239 milljónir manns eða einn af hverjum þremur Afríkubúum sunnan Sahara við vannæringu og árið 2008 lifðu 47% íbúa Afríku sunnan Sahara á minna en 150 krónum á dag. Bandarísku samtökin *World Hunger Education Service* (WHES) segja í vefritinu *Hunger Notes** að orsök fátæktar í Afríku sem og annars staðar sé margslungin en að fátæktin sjálf sé helsta orsök hungurs og vannæringar og að hún viðhaldi þar með sjálfri sér.

Undirliggjandi orsök fátæktar og hungurs segja WHES að sé spilling og stjórnkerfi sem leiða til misskiptingar auðs. Þá valdi átök fátækt og hungri og því að börn geta ekki sótt skóla. Fólk sem flýr átök skilja allt eftir: heimili sitt og land, atvinnu sína og flestar eignir. Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna höfðust 13,5 milljónir flóttafólks við í búðum eða voru á vergangi í Afríkuríkjum árið 2011.

WHES segja að loftslags- og umhverfisbreytingar af mannavöldum séu ein helsta undirrót vannæringar í Afríku þar sem landeyðing, skógarhögg, þurrkar og vatnsskortur séu tíð og leiði til minni framleiðslu í landbúnaði. Þá segja WHES að við ofangreind skilyrði bæti ör fólksfjölgun í Afríku ekki úr skák þar sem þjóðartekjur á mann minnki í samræmi við hana og valdi frekara hungri og vannæringu.

Markmiðið með þróunarsamvinnuverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar er að tjúfa vítahring fátæktar, hungurs og vannæringar og efla virðingu fyrir mannréttindum þeirra sem búa við fátækt og óréttlæti. Starfið snýr fyrst og fremst að þeim sem verst eru settir og þeim sem ekki geta björg sér veitt. Í verkefnum okkar leitumst við alltaf við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðja og efla fólk til áhrifa. Það er gert með því að veita því stuðning til formlegrar og óformlegrar skólagöngu og með ýmiskonar þjálfun og efnislegri aðstoð. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags, stjórnvalda og annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks.

Markmið með öllu starfi er að skapa sjálfbær samfélög með því að hjálpa þeim verst settu við að tryggja sér nægt vatn og fæðu, skapa aðgang að menntun og hjálpa fólki við að afla sér tekna eftir nýjum leiðum. Hjálparstarfið vill þannig opna farveg fyrir breytingar, fjölga tækifærum þeirra verst settu og auka möguleika þeirra til að nýta sér þau og lifa með reisn, sjálfu sér nógt.

*http://www.worldhunger.org/articles/Learn/africa_hunger_facts.htm

margt smátt ... þakkar stuðninginn

ÍSAFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Gámabjónusta Vestfjarða ehf
GG málningarbjónusta ehf
Hamraborg ehf
Harðfiskverkun Finnþoga
Ísblikk ehf
Konur og Menn, Neista
Orkubú Vestfjarða ohf
Ráðhús ehf
Sólberg ehf
Vélsmiðja PM

BOLUNGARVÍK

Bolungarvík
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf
Flugrúta Bolungarvík-Ísafjörður
Sígurgeir G. Jóhannsson ehf

Vélvirkinn sf

PATREKSFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Stapar ehf
Fiskmarkaður Patreksfjarðar
Grunnslóð ehf
Nanna ehf, Vöruflutningar
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð
Vesturbýggð

TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
T.V. Verk ehf
Trans Atlantic ehf -
ferðaskrifstofa

BILDUDALUR

Íslenska kalkþörungafélagið

ÞINGEYRI

Brautinn sf
Grillir ehf

Véla- og bílabjónusta Kristjáns
ehf

STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn

HÓLMAVÍK

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Strandabyggð

ÁRNESHREPPUR

Árneshreppur
Hótel Djúpvavik ehf

HVAMMSTANGI

Kvenfélagið Iðja
Steyptstöðin Hvammstanga
Sveitasetrið Gauksmýri
Villi Valli ehf

BLÖNDUÓS

Blönduósbær
Grettir sf, fjölritunarstofa
Húnavatnshreppur

Kvenfélag Svínvatnshrepps
Pöntunar og viðgerðarbjónusta
Villa ehf

Samstaða, skrifstofa
verkalyðsfélaga

SKAGASTRÖND

Sjávarlíftækisetríð BioPol
Trésmíðja Helga Gunnarssonar
ehf
Vélarverkstæði Skagastrandar
Vik ehf

SAUÐÁRKRÓKUR

Bókhaldsbjónusta KOM ehf
Dögun ehf
FISK-Seafood ehf
Fjölundur ehf
Íðnsveinafélag Skagafjarðar
Kaufélag Skagafjörðinga
Króksverk ehf
Skinnastöðin hf

Vörumiðlun ehf

HOFÓS

Víkursmiði ehf

SIGLUFJÖRÐUR

Málaraverkstæði ehf
Veitingastaðurinn Torgið ehf

AKUREYRI

Almenna lögbjónustan ehf
Amaro heildverslun
AUTO ehf, bílpartasala
ÁK smíði ehf
Bakaríð við brúna ehf
Baldur Halldórsson ehf
Baugsbót ehf,
bifreiðaverkstæði
Bautinn og Smíðjan,
veitingasala
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins
ehf
Bláa kannan ehf

Blikkrás ehf

Brekkuusel-Gistiheimili
Byggingarfélagið Hyma ehf
Dexta orkutæknilausnir ehf
Fjölumbod ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf,
www.rettarholl.is
Grófargil ehf
Hagbjónustan ehf
Halldór Ólafsson, úr og
skartgripir
Höldur ehf, bílaleiga
Ísgát ehf
Kjarnafæði hf
Knattspyrnufélag Akureyrar
Kraftbilar ehf
Ljósko ehf
Lögmannshlið
lögfræðibjónusta ehf
Lögmannsstofa Akureyrar ehf
Miðstöð ehf



Í Úganda eru munaðarlaus börn í forgangi í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Börn sem búa við sára fátækt –markhópur Hjálparstarfs kirkjunnar númer eitt

Börn sem búa við sára fátækt eru í forgangi í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Á Indlandi eru börn dalíta, hinna stéttlausu, órétti beitt og eiga á hættu að verða hneppt í skuldaánaud. Í Úganda líða börn alnæmissjúkra skort vegna heilsuleysis foreldra og á verkefnasvæðum í Eþíópíu og Úganda kemur það oftast nær í hlut stúlkna að sækja vatn um langan veg og þar með minnkar sá tími sem þær hafa til skólagöngu.

Skóli og heimavist eru rekin fyrir börn stéttleysingja á Indlandi og þannig er komið í veg fyrir að þau verði hneppt í skuldaánaud. Börnin fá fæði, klæði og aðgang að heilsugæslu. Í Úganda hafa hús, vatnstankar og kamrar verið reist fyrir

alnæmissjúka og munaðarlaus börn og þeim útvegaður húsbúnaður og húsdýr. Munaðarlaus börn hafa fengið aðstoð við að finna leiðir til framfærslu og þau verið studd til verknáms. Með brunnnum og vatnsþróum í jadrri þorpa í Eþíópíu styttist tíminn sem stúlkur nota til að sækja vatn. Þar er samvinna við staðaryfirvöld um leiðir til að fjölga stúlkum í skóla og til að koma í veg fyrir brottfall þeirra. Skoðanaleiðtogum á starfssvæðum Hjálparstarfsins í Eþíópíu er veitt fræðsla um skaðleg áhrif limlestingar kynfæra kvenna og þess að skera úfinn úr börnum og samvinna er við trúar- og þorpsleiðtoga um afnám þessara skaðlegu venja.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



HS ORKA

PENNIN

Eymundsson



Bætt aðgengi að hreinu vatni, skilvirkar ræktunaraðferðir, umhverfisvernd, meðvitund um réttindi og skyldur einstaklinga og samfélagsins ásamt launaðri atvinnustarfsemi fyrir konur eru helstu markmið Hjálparstarfsins í Eþíópíu – allt til þess að bæta lífsskilyrði fólks sem býr við sára fátækt.

Vatn, jafnrétti og umhverfisvernd í Eþíópíu

Að bæta lífsskilyrði 34.710 manns sem búa við sára fátækt er markmiðið með verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Sómalí-fylki í Eþíópíu. Í fylkinu búa um 4 milljónir sjálfspurftarþenda og hálfhírdingja. Þurrkar eru þar tíðir og valda viðvarandi matarskort og vannæringu en um fjórðungur íbúanna, ein milljón manns, er háður mataraðstoð að staðaldri.

Með því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstoðu verður heilsufar íbúanna betra og stúlkur fá frekari tækifæri til skólagöngu. Með því að stuðla að bættum aðferðum í jarð- og búfjárrækt er framleiðni aukin. Með því að koma í veg fyrir frekari jarðvegseyðingu og bæta vatnabúskap er fæðuöryggi aukin og framfærsla er betur tryggð. Konur fá tækifæri til tekjuöflunar og til þess að taka ákvarðanir um eigið líf með valdeflandi verkefnum og frekara jafnrétti er tryggt með fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga og samfélagsins í heild.

Áður en yfirstandandi verkefni hófst ári 2007 var þáttur karla og kvenna í framleiðslu og tekjuaflandi störfum, heimilisstörfum og

barnauppeldi grandskoðuð sem og möguleikar fólks til að taka þátt í ákvörðunum um eigið líf. Í ljós kom að konur sinntu fleiri störfum en karlar sem réðu yfir afrakstri og ráðstöfuðu fé. Þá kom í ljós að konur tóku ekki þátt í ákvörðunum sem voru teknar á þorps- og sveitastjórnarstigi.

Með það að markmiði að auka völd og áhrif kvenna öllu samfélaginu til hagsbóta var ákveðið að stofna sparnaðarhópa kvenna sem fá lán hjá Hjálparstarfinu til atvinnustarfsemi. Konurnar ráðstafa sjálfar þeim peningum sem þær afla í framhaldinu. Aukið sjálfstæði kvennanna hefur leitt til breytinga á fyrirkomulagi þorpsfunda í héraðinu en nú sitja karlar og konur undir sama tré og ræða saman en það var óþekkt fyrir tíma verkefnisins. Konurnar á svæðinu segja aukin áhrif og meiri virðingu fylgja því að afla eigin tekna og undir það taka karlarnir undantekningalaust.

margin smátt ... þakkar stuðninginn

Möl og sandur
Passion, hársnyrtistofa
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samherji ehf
Samvirkni ehf
Sólskógar ehf
Steypastöð Akureyrar ehf
Steypastöð Norðurlands ehf
Tannlæknahúsið sf
Tannlæknastofa Árna Páls
Halldórssonar
Tannlæknastofa Björns
Rögvaldssonar
Toyota Akureyri
Vélsmiðjan Ásverk ehf

GRENVÍK
Grýtubakkahreppur
DALVÍK
Ektafiskur ehf
G. Ben útgerðarfélag ehf
Vélvirkni ehf, verkstæði
ÓLAFSFJÖRÐUR
Árni Helgason ehf,
vélaverkstæði
Brimnes hótél og bústaðir
Kaffi Klara og Gistihús Jóa
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
HRÍSEY
Eyfar ehf
HÚSAVÍK
Gistiheimilið Sigtún ehf-www.
gsigtun.is
Höfðavélar ehf
Skóbúð Húsavíkur ehf

Steinsteypir ehf
Vikurraf ehf
FOSSHÓLL
Fosshóll ehf
LAUGAR
Framhaldsskólinn á Laugum
Gistiheimilið Stóru-Laugar
MÝVATN
Hestaleigan Safarí hestar
Vogar, ferðaþjónusta
KÓPASKER
Eyfjafjarðar- og
Þingeyjarþrófastsdæmi
Magnvík ehf
BAKKAFJÖRÐUR
Hraungerði ehf
VOPNAFJÖRÐUR
Ferðaþjónustan Syðri-Vík
Símbær ehf

EGILSSTAÐIR
Austfjarðaflutningar ehf
Bilamálun Egilsstöðum ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf
Bólholt ehf
Gistihúsið Egilsstöðum
Héraðsprent ehf
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Klassik ehf
Kúpp ehf
Miðás ehf
Myllan ehf
Þ.S. verktakar ehf
SEYÐISFJÖRÐUR
Gullberg ehf, útgerð
REYÐARFJÖRÐUR
Félag opinberra starfsmanna á
Austurlandi
Launafi ehf
Tærgeesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRÐUR
H.S. Lækning ehf
Tanni ferðaþjónusta ehf
NESKAUPSTAÐUR
Fjarðahótel
Nestak ehf, byggingaverktaki
Samvinnufélag útgerðamanna,
Neskaupstað
Síldarvinnslan hf
FÁSKRÚDSFJÖRÐUR
Kaffi Sumarlína ehf
STÖÐVARFJÖRÐUR
Brekkan - Verslun og
veitingastofa
BREIÐDALSVÍK
Breiðdalshreppur
DJÚPIVOGUR
Berunes farfluglaheimili ehf
Djúpavogshreppur

HÖFN Í HORNAFIRDI
AJTEL ICELAND ehf
Ferðaþjónustan Gerði
Funi ehf, sorphreinsun
Hafnarsókn
Rósaberg ehf
Sigurður Ólafsson ehf
Vélsmiðja Hornafjarðar ehf
Þingvað ehf,
byggingaverktakar
SELFOSS
Bifreiðaverkstæðið Klettur
Biltak ehf
Bilverk BÁ ehf, bilamálun og
bilaréttingar
Brandugla síf, þýðingar
Eðalbyggingar ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Fræðslunetið - símenntun á
Suðurlandi



Ungmennin Irene og Ronald komu frá Úganda haustið 2014 og fræddu fermingarbörn um aðstæður heima fyrir.

„Má bjóða þér að gefa í baukinn?“

Á tímabilinu 2. – 6. nóvember 2015 munu tilvonandi fermingarbörn ganga í hús og safna fé til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Börnin ganga tvö og tvö saman og foreldrar þeirra eru jafnvel með í för þegar þau banka upp á hjá landsmönnum með söfnunarbauk Hjálparstarfsins í hönd.

Áður en börnin ganga í hús fá þau fræðslu um það hvernig vatnsþró, vatnstankur eða brunnur með hreinu vatni getur gjörbreytt lífi fólks til hins betra: Heilsufar batnar; stúlkur sem áður sóttu vatn um langan veg fá tíma til að sækja skóla; með áveitu verður til meiri og betra fæða og svo koll af kolli.

Með því að taka þátt í fjáröflunarverkefninu fá börnin innsýn í líf jafnaldra sinna í starfssvæðum Hjálparstarfs

kirkjunnar í Afríku og kynnast erfiðleikum sem þau búa við. Fermingarbörnin fá líka tækifæri til að ræða um ábyrgð okkar allra á því allir jarðarbúar fái lífað mannsæmandi lífi.

Í nóvember 2014 söfnuðu fermingarbörn 8.162.460 krónum til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Söfnunin í ár er sú sautjándi í röðinni en framlag fermingarbarna og stuðningur þeirra er ómetanlegur og kann Hjálparstarfið þeim bestu þakkir fyrir!

Með von um að þú, lesandi góður, takir vel á móti fermingarbörnunum sem banka upp á hjá þér með söfnunarbauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd. Ef þú ert ekki heima, skilja þau eftir miða með greiðsluupplýsingum. Við vonumst til að þú leggir okkur þá lið í gegnum bankann.

Garðyrkjústöðin Engi
Gróðrarstöðin Hæðarenda
Guðnabakarí ehf
Hótel Gullfoss
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kvenfélag Gnúperja
Kvenfélag Grímsneshrepps
Mjöllnir, vörubílstjórufélag
Nýja tæknihreinsunin ehf
Pylsuvagninn Selfossi við
brúarendann
Rafvélþjónusta Selfoss ehf
Skeiða- og Gnúperjahreppur
Sláttu- og garðþjónusta
Suðurlands
Súperbygg ehf
Tannlæknaþjónustan.is
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Veitingastaðurinn Menam

HVERAGERÐI
Garðyrkjústöð Ingibjargar
Iceland Guided Tours
Samtals ehf
ÞORLÁKSHÖFN
Fagus hf
Járnkarlinn ehf
Þorlákshafnarhöfn
ÖLFUS
Stokkar og steinar sf
STOKKSEYRI
Hásteinn ehf
FLÚÐIR
Hrunamannahreppur
Íslenskt grænmeti
HELLA
Bilaverkstæðið Rauðalæk ehf
Freyðing ehf

Hestvit ehf
HVOLSVÖLLUR
Búaðföng-bu.is
Bygðasafnið í Skógum
Eldstö ehf
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk
Gestastofan Þorvaldseyri
Kvenfélagið Freyja
VÍK
Gistiheimilið Norður-Vík ehf
Gisting Görðum
Mýrdælingur ehf
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Geirland ehf, hótel og
veitingarekstur
Hótel Laki
Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR
Bila- og vélaverkstæðið Nethamar
ehf
Bilaverkstæði Sigurjóns
Bragginn sf, bilaverkstæði
Fiskmarkaður Vestmannaeyja
Godthaab í Nöf ehf
Hárstofa Viktors
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Karl Kristmanns, umboðs- og
heiltdverslun
Langa ehf
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Rannsóknarþjónustan V.M.
Skipalyftan ehf
Tölvun ehf
Útgerðarfélagið Mór ehf
Vinnslustöðin hf



Heit máltíð

fyrir fólk á flóttu



Þú getur aðstoðað flóttafólk með því að kaupa gjafabréf til að gefa í tækifærisgjöf, þannig heldur gjöfin áfram að gefa. Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í neyðaraðstoð við stríðshrjáða í Sýrlandi og flóttafólk frá Sýrlandi í Jórdaníu og Líbanon í samvinnu við systursamtök á vettvangi.

Gjafabréfið kostar 2.500 krónur og fæst ásamt öðrum gjafabréfum Hjálparstarfs kirkjunnar á gjofsemgefur.is.